

Sveitarstjóri

From: Sveitarstjóri [sveitarstjori@klaustur.is]
Sent: 01. desember 2009 14:40
To: 'nefnasvið@althingi.is'
Subject: Umsögn Þingsál. náttúruv.áætl 200. mál

Alþingi
Erindi nr. Þ/38/388
komudagur 2.12.2009

Nefndasvið Alþingis,

Athugasemd Skaftárhrepps varðandi tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013; þingskjal 224 – 200. mál; 138. Löggjafarþing 2009-2010.

Þegar þingsályktunartillaga sama efnis var lögð fram á 136. löggjafarþingi 2008-2009 sendi Skaftárhreppur athugasemd til umhverfisnefndar Alþingis (3. mars 2009) þar sem m.a. stóð eftirfarandi:

„...Í tengslum við yfirstandandi endurskoðun aðalskipulags Skaftárhrepps hefur sveitarstjórn skipað sérstakan vinnuhóp til að gera tillögur um skipulag á á þessu svæði m.a. með tilliti til ágreiningsmála sem uppi eru um verndun/nýtingu þess og er vinnuhópnum ætlað að skila niðurstöðum um miðjan jún nk. Það eru eindregin tilmæli að meðferð málsins á Alþingi verði frestað þar til sveitarstjórn hefur náð að fjalla um skipulagstillögur vinnuhópsins og móta sér heildstæða sýn um verndun/nýtingu svæðisins. Sveitarstjórn tekur undir það sjónarmið sem er þungamiðjan í umsögnum bæði Sambands íslenskra sveitarfélaga og SASS sem vitnað er til í tölvuskeyti umhverfisnefndar, að við gerð náttúruverndaráætlunar verði haft náið samráð við viðkomandi sveitarfélög.“

Í umsögn umhverfisnefndar þá um þingsályktunartillöguna, þingskjal 864 -192. Mál (136. löggj.þing) stendur eftirfarandi:

„...Nefndin varð vör við gagnrýni á fyrirhugaða friðlýsingu svæða í Skaftártungum vegna vinnu við aðalskipulag og þess að aurburður veldur mörgum landeigendum vandræðum. Sveitarstjórn Skaftárhrepps hefur skipað sérstakan vinnuhóp til að gera tillögur um skipulag á þessum svæðum, m.a. með tilliti til ágreiningsmála sem uppi eru um verndun og nýtingu þeirra og er vinnuhópnum ætlað að skila niðurstöðum um miðjan júní. Óskað var því eftir að friðlýsingu yrði frestað þar til sveitarfélagið hefði mótað heildstæða stefnu um verndun og nýtingu svæðisins. Nefndin telur mikilvægt að Skaftáreldahraun og Langisjór verði hluti af Vatnajökulsþjóðgarði en að sú friðlýsing verði í sátt við heimamenn og tillit verði tekið til niðurstöðu vinnuhóps sveitarfélagsins við friðlýsinguna. Nefndin telur einnig þörf á að tryggja að friðlýsing verði með þeim hætti að hún komi ekki í veg fyrir aðgerðir sem dragi verulega úr aurburði Skaftár. Nefndin beinir því jafnframt til umhverfisráðuneytis að það aðstoði við að leita lausna á aurburði í samráði við vinnuhóp heimamanna og kanni hvaða leiðir eru færar til að draga úr skemmdum á ræktarlandi og ferskvatni. Nefndin leggur jafnframt áherslu á að samþykkt tillögunnar hafi ekki áhrif, hvorki til né frá, á hugsanlegar framkvæmdir tengdum svokölluðum Norðursjó...“

Staðan nú er þessi: Vinnuhópur sveitarstjórnar Skaftárhrepps um skipulagsmál umrædds svæðis hefur ekki lokið störfum. Hins vegar er hafið samstarf við umhverfisráðuneytið og stofnanir þess til að leita að raunhæfum og upplýstum niðurstöðum um skipulag á svæðinu og hugsanlegar aðgerðir til að varna landsspjöllum á vatnasvæði Skaftár. Viðræður um stækkun Vatnajökulsþjóðgarðs er hlutui af þessu viðfangsefni. Einnig fer fram samráð við Háskólasetrið á Höfn sem annast gerð verndaráætlunar fyrir suður- og vestursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs. Loks er beðið eftir vísbendingum varðandi virkjanakosti í niðurstöðu endurskoðunar rammaáætlunar sem boðuð hefur verið um áramót.

Skaftárhreppur ítrekar þá afstöðu sína að ákvörðun um náttúruverndaráætlun fyrir umrætt svæði bíði niðurstaðna um endurskoðun aðalskipulags Skaftárhrepps og verði unnin í fullu samráði við heimamenn.

Kirkjubæjarklaustri 1. desember 2009,

